

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um markaðsvirði
Landsvirkjunar, arðgreiðslur o.fl.

Frá Degi B. Eggertssyni.

1. Hvert er metið markaðsvirði Landsvirkjunar miðað við hefðbundnar aðferðir við verðmat?
2. Hefur Landsvirkjun fengið bein fjárframlög úr ríkissjóði frá því að ríkið keypti hluti Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu árið 2007?
3. Hver var greiðsla ríkisins fyrir hluti Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu árið 2007 að núvirði?
4. Hverjar hafa samanlagðar arðgreiðslur Landsvirkjunar til ríkisins verið að núvirði frá því að ríkið keypti hluti Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu árið 2007?
5. Hvað hefðu Reykjavíkurborg og Akureyrarbær fengið í arðgreiðslur frá Landsvirkjun á árunum 2007–2024 að núvirði ef sveitarfélögin hefðu ekki selt hluti sína í fyrirtækinu árið 2007?

Skriflegt svar óskast.